


Louisa Matthíasdóttir

Louisa sýnir á Kjarvalsstöðum

Yfirlitssýning á verkum Louisu Matthíasdóttur stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru um 50 myndir sem spanna allan feril listakonunnar. Elsta myndin á sýningunni er frá því um 1939 og sú yngsta er máluð á þessu ári. Í þeim verkum má glögglega sjá hvernig list Louisu hefur þróast í gegnum árin.

Louisa fæddist í Reykjavík árið 1917 og stundaði listnám í Danmörku, París og New York en þar hefur hún búið undanfarin 40 ár.

Louisa hefur lengi notið viðurkenningar sem listmálari í Bandaríkjunum sem og hér á Íslandi.

Fyrir utan landslags- og borgarlandslagsmyndir eru manna-

Sýningar

myndir, sjálfsmyndir og uppstillingar meginviðfangsefni listakonunnar.

Sýningin er opin daglega frá kl. 10–18 og stendur til 12. september.

Pétur Gautur í Portinu

Í Portinu stendur yfir fyrsta einkasýning Péturs Gauts Svavarssonar. Á sýningunni sýnir hann olíumálverk en myndirnar eru verk síðustu þriggja ára. Pétur stundaði nám við Myndlistaskóla Reykjavíkur og málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Sýningarsalir Portsins eru opnir alla daga nema þriðjudaga frá kl. 14–18.


Færð á vegum

Vegavinna er í fullum gangi víða á landinu og má búast við einhverjum töfum og varað er við steinkasti. Ökumenn eru beðnir um að sýna varúð.

Hálendisvegir eru flestir færir

Umferðin

fjallabílum en vegirnir í Landmannalaugar, yfir Kaldadal, Djúpavatnsleið, um Uxahryggi, Arnarvatnsheiði og Tröllatunguheiði eru opnir öllum bílum. Dyngjufjallaleið, Loðmundarfjörður, Fjallabaksleið, vesturhluti, austurhluti og við Emstrur, eru færar fjórhjóladrifnum bílum. Unnið er við veginn um Öxnadalsheiði, Lágheiði og Sandvíkurheiði.



Blúsbarinn:

Tregasveitin held-ur uppi fjörinu

Músíkvika hefur nú staðið yfir á Blúsbarnum en henni lýkur á sunnudaginn kemur. Hinar ýmsu hljómsveitir hafa skemmt gestum en tilefnið er eins árs afmæli Blúsbarsins.

Í kvöld ætlar Tregasveitin að

Skemmtanalífið

mæta og leika fyrir gesti en hljómsveitin er ein af þekktari blúshljómsveitum hér á landi.

Hljómsveitin er skipuð fimm karlmönnum en þeir eru Pétur Tyrfingsson, gítar og söngur, Guðmundur Pétursson, gítar, Sigurður Sigurðsson, munnharpa og söngur, Stefán Ingólfssson, bassi, og Jón Bergur sem spilar á trommur.



Tregasveitin.

Tregasveitin gaf út geisladisk árið 1991 sem fékk góðar móttökur blúsaðdáenda. Þess má geta að Guðmundur Pétursson, sem er einn þekktasti gítarleikari landsins, hefur spilað mikið með hljómsveitinni Vinum Dóra sem er löngu orðin landskunn.

Tregasveitin byrjar að spila um klukkan 23 í kvöld og skemmtir gestum fram eftir nóttu.

Tregasveitin verður svo aftur annað kvöld á Blúsbarnum en á sunnudagskvöld spilar svo Sniglabandið.



Leikkonan Ellen Burstyn

Ekkjuklúbb-urinn

Saga-bíó sýnir nú myndina Ekkjuklúbburinn eða The Cemetery Club eins og hún heitir á frummálinu. Myndin fjallar um þrjár vinkonur, þær Esther, Doris og Lucille, sem átta sig skyndilega á því að þær eru orðnar miðaldra ekkjur. Þær eru ekki alveg á þeim buxunum að fara að setjast endanlega í helgan stein enn

Bíó í kvöld

á besta aldri. Þær reka sig þó á að það er hægara sagt en gert að fara aftur út á lífið í leit að gagnstæða kyninu, einkum þar sem úrvalið af bitastæðum miðaldra mönnum virðist vera heldur rýrt.

Esther á þó eftir að detta í lukkupottinn er Ben, vörpulegur ekkill á miðjum aldri, fer að gera hosur sínar grænar fyrir henni.

Þekktar leikkonu fara með aðalhlutverkin í myndinni, þær Ellen Burstyn, Olympia Dukakis og Diane Ladd. Auk þess fer leikarinn Danny Aiello með hlutverk í myndinni. Leikstjóri er Bill Duke.

Nýjar myndir

Háskólabíó: Skuggar og þoka
Laugarásbíó: Herra fóstri
Háskólabíó: Eldur á himni
Bíóhöllinn: Jurassic Park
Bíóborgin: Þrælsekur
Saga-bíó: Ekkjuklúbburinn
Regnboginn: Red Rock West

Þjónustu-vélmenni

Bandaríska fyrirtækið Heathkit framleiðir vélmennið Hero 1 sem er lítið 50 cm vélmenni. Þetta er talin ágæt byrjun fyrir þá sem vilja kynnast vélmennum, og það getur meira að segja farið út og viðrað hundinn.

Fyrirtækið Androbot í Kaliforníu hefur framleitt vélmenni sem getur litið eftir heimili og kallað lögreglu á vettvang ef eitthvað bjátar á. Það gengur 2 km/klst. og sneiðir fram hjá hindrunum, stundum með söng á vör. Vélmenni þetta getur einnig kennt erlend tungumál.

Blessuð veröldin

Genus

Robots International Corporation hefur búið til vélmenni sem það kallar Genus. Gripurinn hefur gervirödd (talar) og ber kennsl á tal (það er hægt að tala við hann). Hann hefur ytri „skynfæri“ og getur því kannað umhverfi sitt og sneitt hjá hindrunum. Einnig er hægt að nota vélmennið sem ryksugu.

Top

Vélmennið Top er framleitt í Bandaríkjunum og er 90 cm hátt. Það er forritað af tölvu og fjarstýrt af henni. Vélmennið getur borið drykk frá hjólaborði og dansað á brott að því búnu.

Vestmannaeyjar


Vestmannaeyjar eru ýmist taldar 15 eða 18 eyjar og auk þess nærri 30 sker og drangar. Eyjarnar hafa allar myndast við eldsumbrot og hlaðist upp á gossprungum,

Umhverfi

sem stefna frá suðvestri til norðausturs.

Jarðfræðilega séð eru Vestmannaeyjar mjög ungar eða myndaðar á nútíma á máli jarðfræðinga. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á gróðurríki Vestmannaeyja og eru 150 tegundir plantna taldar tilheyra flóru þeirra. Skordýralíf er mjög svipað og á láglendi Suðurlands og hafa verið nafngreindar um 80 skordýrategundir í Vestmannaeyjum.

Sólarlag í Reykjavík: 20.37.
Sólarupprás á morgun: 6.18.
Síðdegisflóð í Reykjavík: 19.46.
Árdegisflóð á morgun: 8.00.
Heimild: Almanak Háskólans og Íslandshandbókin





Þriðja barn Margrétar

Drengurinn á myndinni fæddist á Landspítalanum þann 31. ágúst. Hann vó rúmar 15 merkur

Barn dagsins

og var 50,5 cm við fæðingu. Foreldrar drengsins eru Margrét Baldursdóttir og Vilhjálmur Guðmundsson. Þetta er þriðja barn Margrétar en fimmta barn Vilhjálms.


Gengið

Almenn gengisskráning LÍ nr. 210.
03. september 1993 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	70,350	70,550	70,820
Pund	105,630	105,930	105,940
Kan. dollar	53,150	53,310	53,640
Dönsk kr.	10,3050	10,3360	10,3080
Norsk kr.	9,7680	9,7970	9,7600
Sænsk kr.	8,6420	8,6680	8,7790
Fi. mark	11,9510	11,9870	12,0910
Fra. franki	12,1090	12,1450	12,1420
Belg. franki	1,9782	1,9842	1,9926
Sviss. franki	48,4300	48,5800	48,1300
Holl. gyllini	37,9600	38,0700	37,7900
Þýskt mark	42,6500	42,7700	42,4700
It. líra	0,04380	0,04396	0,04370
Aust. sch.	6,0570	6,0780	6,0340
Port. escudo	0,4141	0,4155	0,4155
Spá. peseti	0,5216	0,5234	0,5230
Jap. yen	0,66570	0,66770	0,68070
Írskt pund	98,720	99,020	98,880
SDR	98,99000	99,29000	99,71000
ECU	80,7400	80,9900	80,7800

Símsvari vegna gengisskráningar 623270.

Krossgátan



Lárétt: 1 skjall, 6 trylltur, 8 þvoði, 9 frekari, 11 mett, 13 op, 15 angan, 17 tré, 18 kona, 20 flökt, 21 næðingur.

Lóðrétt: 2 klæði, 3 geð, 4 einnig, 5 þunga, 6 látbragð, 7 góðarsteikti, 8 útskýring, 10 forfaðir, 12 bylgju, 14 hreyfir, 16 skraf, 19 tvíhljóði.

Lausn á síðustu krossgátu.

Lárétt: 1 lögn, 5 ýla, 8 æti, 9 Æsir, 10 gunguna, 11 ilmur, 13 dr, 14 róar, 16 nit, 18 ál, 19 krani, 21 sakar, 22 æf.

Lóðrétt: 1 lægir, 2 ötul, 3 gin, 4 nægur, 5 ýsurnar, 6 lindin, 7 arar, 12 makk, 15 óla, 17 tif, 20 Ra.